

Dags eftirlits	21.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ella Kristín Geirsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Hreiðar og Kristján	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirliti sem snýr að umframframleiðslu í stöðinni. Fjögur samhljóða eldri frávik vegna áranna 2017 til 2020 eru líka opin.

Rekstraraðila var bent á að samþykkja þarf nýja vöktunaráætlun vegna áhrifa stækkunar stöðvarinnar á nærumhverfi sitt og að vinna vöktunaráætlun vegna aukinnar vinnslu á jarðsjó og ísöltu vatni með Orkustofnun.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í eftirlit í Benchmark Genetics Iceland hf. í Kalmanstjörn á Reykjanesi. Starfsleyfi rekstraraðila rann út 26. apríl 2021, var framlengt um eitt ár eða til 26. apríl 2022 og hefur síðan verið með undanþágu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins sem gildir þó ekki lengur en til 31. desember 2022. Umhverfisstofnun er með nýtt starfsleyfi í vinnslu og er áætlað að það taki gildi fyrir áramót.

Deiliskipulag fyrir lóðina er í ferli en Benchmark Genetics Iceland hf. er með leigusamning til 40 ára frá 1. desember 2001, alls er um að ræða 31,28 hektara.

Nýtt sláturhús er neðst í lóðinni með starfsleyfi Helibrigðisnefndar Suðurnesja.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Ella Kristín Geirsdóttir gæðastjóri, Hreiðar Pétursson framleiðslustjóri og Kristján Kristmannsson stöðvarstjóri frá Benchmark Genetics Iceland hf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

### Dagskrá:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og leggur mat á álag vegna frárennsli á viðtaka við útrás
2. Aukning vinnslu á grunnvatni í 1500 l/s – mótvægisáðgerðir, endurnýting vatns og vöktun
3. Aukið magn frárennsli – mótvægisáðgerðir,
4. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
5. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til rekstursins
6. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
7. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Stöðin er rekin án starfsleyfis en undanþága ráðuneytisins kveður á um að starfa skuli í samræmi við 200 tonna leyfi Stofnfisks í Kalmanstjörn sem Umhverfisstofnun gaf út 26. apríl 2017. Reksturinn hefur gengið vel og var framleiðsla ársins 2021 samtals 226 tonn sem er frávik frá kröfum ráðuneytisins og útrunnins starfsleyfis stofnunarinnar. Fjögur eldri frávik eru enn opin vegna umframframleiðslu áranna 2017 til 2020. Að sögn rekstraraðila er umframframleiðsla til komin vegna kynbóta- og ræktunarstarfs sem fer fram í stöðinni. Fóðurnotkun var um 300 tonn og því var fóðurstuðull 1,3.

2. Fyrirhugað er að stækka leyfi stöðvarinnar úr 200 tonnum í allt að 600 tonna lífmassa. Fyrirhugað er að bora tvær vinnsluholur fyrir eldisvatn á lóð fyrirtækisins austan Nesvegjar og auka vinnslu á grunnvatni um 700 l/s og nýta allt að 1500 l/s af jarðsjó og ísöltu vatni.

Skipulagsstofnun telur ástæðu til að vakta áhrif grunnvatnsvinnslu á svæðinu. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að nýting á vatni sé eins góð og kostur er á.

3. Losun næringarefna, reiknuð út frá fóðri var 7,6 kg á framleitt tonn fyrir fosfór (P) og 38 kg á framleitt tonn fyrir köfnunarefni (N) sem er undir losunarmörkum starfsleyfis. Magn fosfórs í frárennsli reiknaður út frá mælinganiðurstöðum og að rennsli sé 721 l/s stemmir ágætlega og er 8,2 kg/framleitt tonn. Gengið var um fjöruna við útrás frá eldinu og ekki varð vart við uppsöfnun næringarefna eða setmyndun í útrásinni. Verði framleiðslan aukin í allt að 600 tonn þarf að setja upp ítarlegri vöktun á áhrifum starfseminnar á lífríki fjörunnar og viðtakans (sjávarins) og auka hreinsun og/eða endurnýtingu frárennslisvatns ef óæskileg áhrif koma fram.

4. Rekstraraðili hefur skilað upplýsingum vegna olíugeyma (neyslu- og húsageyma) og mun stofnunin deila þeim gögnum með heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis.

5. Skoðaðar voru áætlanir sem liggja skulu fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun

vegna mengunaróhappa, neyðaráætlun vegna massadauða og vöktunaráætlun stöðvarinnar.

Ársyfirlit og grænt bókhald skiluðu sér á réttum tíma.

Rekstraraðila var bent á að við stækkun eldisins þarf stöðin að uppfylla ákvæði 2. málsgrein 9. greinar reglugerðar nr. 798/ 1999 um fráveitur og skólp eða að líta til þess að fá endurnýjað samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja (landfræðilegar aðstæður sjá 9. málsgrein í 9. grein sömu reglugerðar).

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

6. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með starfsfólki sem var viðstatt eftirlitið. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrir en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

7. Skoðaðar voru efnageymslur og eru ekki gerðar athugasemdir við þær. Eins var farið í skoðunarferð í fjöru og aðstaða við útrás frárennslis skoðuð. Ekki var tilefni til athugasemda.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

kröfum í starfsleyfi Umhverfisstofnunar sem 2021 framleiddi rekstraraðili lax umfram þau 200 tonn sem heimildir undanþága ráðuneytisins gerir gildandi að leyfa. nýju.


## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að samþykkja þarf nýja vöktunaráætlun vegna áhrifa stækkunar stöðvarinnar á nærumhverfi sitt og að vinna vöktunaráætlun vegna aukinnar vinnslu á jarðsjó og ísöltu vatni með Orkustofnun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.10.2022



Gottskálk Friðgeirsson